7. gr.

Fyrirsögn XI. kafla laganna verður svohljóðandi: **Sérstakar ráðstafanir. Endurskipulagning fjárhags. Brottfall starfsleyfis. Félagsslit.**

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Valgerður Sverrisdóttir.

20. mars 2003 Nr. 35

LÖG

um breytingar á ákvæðum laga um hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur er varða skráningu þessara félaga og stofnana.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Skráning hlutafélaga.

Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, sbr. lög nr. 41/1997.

1. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 147. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

II. KAFLI

Skráning einkahlutafélaga.

Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, sbr. lög nr. 43/1997.

3. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. og 3. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

III. KAFLI

Skráning samvinnufélaga.

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991, sbr. lög nr. 44/1997.

5. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

7. gr.

Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Fjármálaráðherra.

IV. KAFLI

Skráning sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

Breyting á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999.

8. gr.

Í stað orðanna „ráðherra Hagstofu Íslands“ í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: fjármálaráðherra.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hagstofa Íslands“ í 1. mgr. kemur: Ríkisskattstjóri.
b. Í stað orðanna „Ráðherra Hagstofu Íslands“ í 2. mgr. kemur: Fjármálaráðherra.

V. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2003.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** **Guðrún Erlendsdóttir.**

(L. S.)

Davíð Oddsson.